

Nd.

238. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um breyting á reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands.

Frá Sveini Ólafssyni.

Tillagan orðist þannig:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra að breyta reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands svo:

1. Að lán verði veitt úr sjóðnum til varnar gegn landsspjöllum, svo sem vatnagangi og skriðum, með sömu kjörum og til túnræktar.
2. Að lán til rafmagnsstöðva í sveitum megi veita til 20 ára og þau nema allt að $\frac{3}{5}$ stofnkostnaðar. En jafnan sje fyrir augum haft, að samvirkjun geti orðið fyrir svo mörg býli á hverjum stað, sem haganlegt álist eftir stærð orkugjafa og vegalengdum milli býla.